

Fundargerð

aðalfundar Félagsbústaða hf. sem haldinn var 25. mars 2021 kl. 16 (fjarfundur)

Fundinn sóttu: Fulltrúar hluthafa þau Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri og Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsvið, Haraldur Flosi Tryggvason, stjórnarformaður Félagsbústaða, Laufey Líndal Ólafsdóttir og Heiða Björg Hilmisdóttir, stjórn Félagsbústaða, J. Sturla Jónsson, endurskoðandi Félagsbústaða, Lárus Finnbogason, formaður endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar, Sigrún Guðmundsdóttir, endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar, Theodór Kjartansson, lögmaður hjá embætti borgarlögmanns, Kristinn Karel Jóhannsson, fjármálastjóri og Sigrún Árnadóttir, framkvæmdastjóri Félagsbústaða.

Einnig sátu fundinn borgarfulltrúarnir Þórdís Lóa Káradóttir, Elín Oddný Sigurðardóttir, Pawel Bartoszenk, Sanna Magdalena Mörtudóttir, Vigdís Hauksdóttir og Kolbrún Baldursdóttir. Pétur Krogh Ólafsson, aðstoðarmaður borgarstjóra, Halldóra Káradóttir, forstöðumaður áhættu- og fjármálasviðs Reykjavíkurborgar, Hallur Símonarson innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar.

Fundurinn fór fram samkvæmt dagskrá

Formaður stjórnar Haraldur Flosi Tryggvason setti aðalfund og bauð gesti velkomna. Theodór Kjartansson var kosinn fundarstjóri og Sigrún Árnadóttir fundarritari.

Fundarstjóri fór yfir löglega boðun fundarins. Engar athugasemdir komu fram og telst fundurinn því lögmætur.

1. Skýrsla stjórnar

Stjórnarformaður, Haraldur Flosi Tryggvason, flutti skýrslu stjórnar. Fór hann yfir meginþætti og áherslur í starfsemi Félagsbústaða á liðnu ári og vísaði til skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra sem finna má í ársreikningi.

2. Ársreikningur félagsins lagður fram til samþykktar

Endurskoðandi Félagsbústaða, Sturla Jónsson, kynnti ársreikning 2020. Ársreikningurinn var áður samþykktur af stjórn félagsins hinn 25. febrúar 2021 og birtur á vef félagsins og í Kauphöll samdægurs. Endurskoðandi félagsins áritaði ársreikninginn, án athugasemda eða fyrirvara. Ekki fóru fram umræður um ársreikninginn.

Ársreikningur 2019 var samþykktur af hálfu eigenda.

3. Ákvörðun um meðferð og niðurstöðu rekstrarreiknings

Lögð var fram tillaga stjórnar um að öllum hagnaði af rekstri félagsins á árinu 2020 verði varið til hækkunar á eigin fé félagsins til samræmis við skýringu í ársreikningi félagsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórnin leggur jafnframt til með vísan til 7. gr. samþykka félagsbústaða hf. að enginn arður verði greiddur til eigenda félagsins.

Tillagan var samþykkt.

4. Kjör stjórnar og endurskoðanda félagsins

Fyrir fundinum lá tillaga borgarstjóra um kjör Haraldar Flosa Tryggvasona, Heiðu Bjargar Hilmisdóttur og Laufeyjar Ólafsdóttur til setu í stjórn félagsins til eins árs.

Endurskoðandi félagsins árin 2018-2022 er Grant Thornton endurskoðun hf.

Tilnefningin var samþykkt.

5. Þóknun til stjórnarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.

Lögð var fram tillaga að þóknun til stjórnarmanna fyrir komandi starfsár:

Stjórnarformaður kr. 3.585.049 (samþykkt síðasta aðalfundar kr. 3.250.271)

Aðrir stjórnarmenn kr. 1.792.524 (samþykkt síðasta aðalfundar kr. 1.625.135)

Hækkunin tekur mið af 10,3% hækkun launavísitölu tímabilið janúar 2020 til janúar 2021.

Tillagan var samþykkt.

6. Önnur mál

a. Áhættustefna Félagbústaða

Fyrir fundinum lá tillaga að breytingum á áhættustefnu Félagbústaða. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir í hverju breytingarnar felast.

Áhættustefnan var samþykkt.

b. Borgarstjóri tók til máls, lýsti ánægju með störf félagsins á liðnu ári og þakkaði stjórn og starfsmönnum fyrir vel unnin störf.

c. Sviðsstjóri velferðarsviðs tók í sama streng og lýsti ánægju með góða samvinnu velferðarsviðs og Félagbústaða.

Fundarstjóri tók til máls og kannaði mælendaskrá sem var tæmd.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:45.

Sigrún Árnadóttir

Theódór Kjartansson